

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 27/97
frá 30. apríl 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/96 frá 13. desember 1996⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/61/EB fellir úr gildi, ellefu árum eftir gildistöku, tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júlí 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum sem er að finna í samningnum⁽³⁾ en ber að fella brott úr honum, með gildistöku frá sama degi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2f (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93) í XX. viðauka við samninginn:

„2g. 396 L 0061: Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 100, 17. 4. 1997, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 17. 4. 1997, bls. 190.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 188, 16. 7. 1984, bls. 20.

2. gr.

Textinn í 16. lið (tilskipun ráðsins 84/360/EBE) skal felldur brott, með gildistöku frá 30. október 2007.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/61/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner